



ÉG ER LÍKA NÁTTÚRAN

Í SUMAR LJÓSMYNDÆÐI ÓLAFUR ELÍASSON MYNDLISTARMAÐUR ÍSLENSKA JÖKLA ÚR LOFTI LÍKT OG HANN GERÐI Í VERKI SÍNU *JÖKLASERÍUNNI* FYRIR RÉTTUM TUTTUGU ÁRUM. HANN SEGIR MUNINN SLÁANDI; JÖKULSPORÐARNIR HAFI HÖRFAÐ VERULEGA OG RÚMMÁL JÖKLANNA MINNKAÐ. ÓLAFUR VARAR ÞÓ VIÐ HRÆÐSLUÁRÓÐRI; LOFTSLAGSBREYTINGUM VERÐI BEST MÆTT MEÐ RÖKRÆÐU OG JÁ-KVÆÐU HUGARFARI.

Myndir: Ólafur Elíasson **Texti:** Orri Páll Ormarsson orri@mbl.is

Útsýnið er engu líkt úr vinnustofu Ólafs Elíassonar á efstu hæð Marshellhússins vestur á Granda en þar dvelst hann jafnframt þegar hann er á Íslandi; sundin blá, höfnin, Esjan, miðbærinn og tónlistarhúsið Harpa í sínu finasta pússi en því tengist Ólafur að sjálfsögðu órofa böndum, hann hannaði glerhjúpinn sem umlykur bygginguna ásamt Henning Larsen arkitektum. Það er í mörg horn að líta hjá listamanninum; hann er nýkominn úr jöklaflugi og von er á góðum gestum til kvöldverðar en Ólafur gefur sér þó tíma til að taka á móti okkur Ragnari Axelssyni ljósmyndara til að segja okkur frá nýjasta verkefni sínu. Hann er sumsé að taka loftmyndir af sömu jöklum á Íslandi og hann gerði fyrir réttum tuttugu árum; verk sem vakti mikla athygli á sínum tíma og mun að líkindum ekki vekja minni athygli núna – enda er mikið vatn runnið til sjávar frá því Ólafur beindi linsunni síðast að jöklunum. Í bókstaflegri merkingu.

Bast náttúrunni sterkari böndum

„Seint á tíunda áratugnum hafði ég verið að mynda alls kyns brýr, fossa, einstaka kletta og steintegundir,“ útskýrir Ólafur spurður um upprunalegu *Jöklaseríuna*. „Ég gerði þetta að mestu á gönguferðum og margar af þessum ljósmyndum tengdust ferðalögum yfir landsvæði, stígum og gönguleiðum. Í þeim skilningi hverfðist verkefnið einnig um það hvað gangan tók langan tíma. Með tímanum bast ég náttúrunni sterkari böndum og fór að horfa á hana í víðara samhengi. Fyrsta verkefnið sem spratt upp úr þessari afstöðu var *Jökla-serían*, þar sem ég byrjaði á því að leigja flugvél til að ljósmynda jökla á Íslandi árin 1998 og 1999. Ég reyndi að ná sem flestum jöklum og í fjórum eða fimm ferðum tókst mér að mynda 42 þeirra.“

Áhugi Ólafs á náttúrunni hverfðist upphaflega um fegurð hennar en með tímanum heillaðist hann meira af kerfunum sem hún hefur að geyma og vistkerfinu yfirhöfuð. „Fyrir tveimur árum eða svo datt mér í hug að endurgera Jöklaseríuna vegna þess að allir eru að tala um breytingarnar sem eru að verða á jöklunum og hafisnum á norðurslóðum.“

Í sumar var sýning á verkum Ólafs, *In real life*, opnuð í Tate Modern-galleríinu í Lundúnum og upphaflega ætlaði hann að vera búinn með seríuna fyrir þann tíma en nú verður henni bætt við sýninguna í endaðan nóvember. Sýningin verður einnig sett upp í Hafnarhúsinu í Reykjavík um líkt leyti. „Ég gat ekki byrjað að mynda þegar ég ætlaði mér vegna þess að ég varð að bíða eftir því að snjórinn bráðnaði svo ég gæti séð jöklana almennilega. Markmiðið var að gera alveg eins seríu, þannig að ég varð að vera þolinmóður.“

Ólafur getur ekki leynt eftirvæntingu sinni vegna þessa verkefnis. „Þetta er mjög spennandi og myndatakan um borð í flugvélinni minnti mig á það hversu magnað hálendi Íslands er. Sérhver pollur hefur sinn eigin lit. Guð minn góður, hvað það var geggjað að fljúga þarna yfir.“

Undrandi og sjokkeraður

Ólafur er af íslensku foreldri en ólst upp í Danmörku. Spurður hvenær hann hafi uppgötvað hálendi Íslands svarar hann:

„Faðir minn, Elías Hjörleifsson málari, og góðvinur hans, annar málari, Gunnar Örn, ferðuðust mikið um landið en þó meira á svæðinu milli hálendisins og láglendisins, ekki síst í gljúfrunum, þar sem þeir voru miklir expressjónistar. Sjálfur ferðaðist ég mikið um landið sem unglingur og féll snemma fyrir stöðum á borð við Sprengisand og Geysi, að ekki sé tal-



Morgunblaðið/Ragnar Axelsson

I AM NATURE TOO

THIS SUMMER, ARTIST ÓLAFUR ELÍASSON PHOTOGRAPHED ICELANDIC GLACIERS FROM ABOVE LIKE HE DID TWENTY YEARS AGO IN HIS WORK *THE GLACIER SERIES*. HE FOUND THE DIFFERENCE STRIKING; THE GLACIER TONGUES HAD BECOME CONSIDERABLY SHORTER AND THE OVERALL VOLUME OF THE GLACIERS HAD DIMINISHED. HOWEVER, HE WARNS AGAINST A FEAR-BASED NARRATIVE, AS CLIMATE CHANGE SHOULD BE TACKLED THROUGH DEBATE AND WITH A POSITIVE FRAME OF MIND.

Photos: Ólafur Elíasson **Text:** Orri Páll Ormarsson orri@mbl.is

The view is breathtaking from Ólafur Elíasson’s studio in the Marshall Building in Grandi, Reykjavík, where he stays when he is in Iceland; the Faxaflói bay, the harbour, Mt. Esja, the city centre and the concert hall Harpa in its Sunday attire. The latter building is strongly associated with Ólafur, who, together with Henning Larsen Architects, designed the glass facades that cover it. It has been a busy day for the artist, who has just returned from a glacier flight and is expecting guests for dinner, but he still finds the time to meet myself and photographer Ragnar Axelsson and tell us about his most recent project. Ólafur is taking photographs of Icelandic glaciers from the air just like he did twenty years ago; a photo series that received a lot of attention at the time and will probably turn no fewer heads this time around – since much water has passed under the bridge since Ólafur last turned his lens on the glaciers. Literally.

More intimate with nature

“In the late nineties, I had already been documenting various bridges, waterfalls, special rocks and minerals,” Ólafur explains when asked about the original *Glacier series*. “It was mostly done during hiking trips, and a lot of these photographs had to do with movement over land, paths and hiking routes. In that sense it was also about the slowness of walking. Gradually, I became more intimate with nature but also started looking at it in the larger perspective of things. The first series to develop out of this stance was *The glacier series*, where I started by renting an airplane to take photos of glaciers in Iceland in 1998 and 1999. I tried to reach as many glaciers as I could, and over four or five trips I captured 42 of them.”

Ólafur’s interest in nature was originally based on nature’s beauty, but as time passed, he became more enchanted with the systems of nature and ecology in general. “A couple of years ago, I came up with the idea to do *The glacier series* again, because everyone is talking about how much the glaciers and the polar ice in the Arctic are changing.”

This summer, Ólafur’s exhibition *In real life* opened at the Tate Modern gallery in London and he originally intended to finish the series before that, but now it will be added to the exhibition at the end of November. The series will also be exhibited at Hafnarhús in Reykjavik around the same time. “I couldn’t start photographing as early as I wanted because I had to wait for the snow to melt before I could see the glaciers properly. The aim was to do the exact same series, so I had to be patient.”

Ólafur cannot hide his enthusiasm for the new series. “It’s very exciting and the photo sessions in the airplane reminded me how amazing the Icelandic highlands are. Every little bit of water has a different colour. My God, it was amazing to fly up there.”

Surprised and shocked

Ólafur was born to Icelandic parents but grew up in Denmark. Asked how and when he discovered the Icelandic highlands, he responds:

“My father, Elías Hjörleifsson, was a painter and his good friend, another painter, Gunnar Örn, travelled the country a lot, but they were more in the area between the lowlands and the highlands, typically the canyons, as they were very expressionistic. I did a lot of travelling myself as a teenager and quickly grew fond of places like Sprengi-



Rótarjökull, 1999.

Rótarjökull Glacier, 1999.


Olafur Eliasson
Detail of The glacier series, 1999/2019
Courtesy of the artist; neugerriemschneider, Berlin;
Tanya Bonakdar Gallery, New York / Los Angeles
© 2019 Olafur Eliasson

að um Landmannalaugar, þar sem ég fór í mína fyrstu hálendisgöngu fimmtán ára gamall. Síðar fór ég að ganga á Snæfellsnesi, í Lónsöræfum og fleiri fallegum stöðum.“
– *Að hverju hefurðu komist í þessari lotu við að mynda jöklana?*
„Ég hafði augljóslega áhyggjur vegna þess að í jarðfræðilegu samhengi eru tuttugu ár eins og nanósekúnda. Fyrir vikið var alveg eins víst að engar breytingar hefðu átt sér stað. Satt best að segja var ég að vonast eftir smávægilegum breytingum en á daginn kom að þær voru svo miklar að ég iðrast þess nú að hafa ekki gert aðra seríu fyrir tíu árum. Ég er í senn undrandi og sjokkeraður. Jökulsporðarnir hafa ekki aðeins breyst í þeim skilningi að þeir hafa hörfað til muna heldur hefur heildarrúmmál jöklanna einnig tekið breytingum, minnkað. Ég tók mjög fljótt eftir þessu vegna þess hvað það var erfitt að fá myndirnar til að passa. Fjöllin beggja vegna jökulsporðanna virkuðu mun hærri, sem fékk mig til að efast um að ég væri á réttum stað þegar ég horfði á gömlu myndirnar. Það er ekki eins og líklegt væri að fjöllin hefðu hækkað. Það var sláandi að verða vitni að þessu. Annað sem kom mér í opna skjöldu var hversu stöðugt allir jöklarnir hafa minnkað; verulega hefur dregið úr þeim. Tökum Hofsjökul sem dæmi, en hann er í 1.765 metra hár. Ætti ekki jökullinn að bráðna hægar þar uppi? Þar var alltént kaldara að taka myndirnar.“

Er ég nægilega ábyrgur?

– *Hvað finnst þér um þetta?*
„Nýtt skeið er augljóslega runnið upp í samskiptum manns og loftslags. Hvað finnst mér um það? Tilfinningar mínar eru orðnar partur af tilfinningum almennings. Ég er ekki frá því að ég hafi vanmetið neyðina, þannig að ég velti eftirfarandi spurningu ítrekað fyrir mér:

Er ég nægilega ábyrgur? Sennilega snýst þetta ekki lengur um hvað mér finnst. Það er tími til kominn að umorða spurninguna „hvað finnst mér?“ og spyrja í staðinn: „Hvernig á ég að bregðast við?“ Eins og við öll vitum þá skipta aðgerðir sköpum en ekki tilfinningar. Að finnast eitthvað eða hugsa um eitthvað dugar ekki lengur. Það leiðir okkur að spurningunni: Hvers konar aðgerðir duga? Að gera smá er gríðarlega mikilvægt, gæti vel verið þúfa sem veltir þungu hlassi. Í öllum mínum verkum skoða ég fjarlægðina milli þanka og gjörða og öll litlu skrefin þar á milli. Við lifum á tímum þar sem nauðsynlegt er meta allt sem við gerum út frá framtíðinni. Það er á svig við hugarfar minnar kynslóðar – við höfum byggt allar okkar gjörðir á fortíðinni. Ég meina, við stöndum á herðum fólks sem ruddi brautina og kom okkur hingað. Allt sem við vitum, öll okkar menntun, byggist á því sem einhver gerði í fortíðinni. Á sinn hátt er þetta íhaldssamt; örugg og alls ekki áhættusækin leið til að þroskast. Nema hvað nú hefur komið á daginn að fortíðin hafði á röngu að standa; fólki varð á í messunni. Raunar ítrekað. Tökum jarðefnaeldsneyti sem dæmi en það er um 175 ára gamalt. Við höfðum hundruð milljóna lífefna á jörðinni og á sekúndubroti í jarðfræðilegu samhengi hefur okkur tekist að klúðra málum.“
Ólafur er spenntur fyrir því að nota framtíðina til að leiða nútímann en um leið hafa svigrúm fyrir drauma og gefa ímyndunaraflinu lausan tauminn. „Margt af þessu hverfist um endurstillingu; að nota ekki meginreglurnar, tungumálin og stjórnmálakerfin sem við þekkjum. Við þurfum að öllum líkindum líka á nýju lagakerfi að halda fyrir allt sem lifir og nýja útfærslu á regluverkinu. Eftir að seinni heimsstyrjöldinni lauk settu Sameinuðu þjóðirnar nýjar viðmiðunarreglur varðandi mannréttindi og komið hefur á daginn að okkur skjöplaðist að öllum líkindum varðandi eitt veigamikið atriði; ég geri mér grein fyrir því að



sandur and Geysir, not to mention Landmannalaugar, where I had my first hike at fifteen. Later I started hiking in Snæfellsnes, Lónsöræfi and other beautiful places.“
– *What have you discovered this time around photographing the glaciers?*

“Obviously I was worried, because in geological time, twenty years is usually like a nanosecond. Therefore, there could very well have been no change at all. To be honest, I was hoping for a little bit of change but actually it turns out that the change is so big that I now regret not doing another series ten years ago. I’m surprised and shocked at the same time. Not only have the glacier tongues changed in terms of becoming a lot shorter, but the overall volume of the glaciers has changed as well, diminished. I noticed this quite early on because it was so difficult to get the pictures to fit. The mountains sticking up on either side of the glacier tongues looked a lot larger, making me wonder, looking at the old photos, if it was the right spot. It’s not like the mountains were likely to have grown. It was shocking to discover this. Another thing that surprised me is how consistently the glaciers have all become smaller; they have decreased a lot. For example Hofsjökull, which is located at 1,765 meters. Shouldn’t the glacier be melting slower up there? It certainly was colder taking the photos.“


Am I responsible enough?

– *How does this make you feel?*

“Obviously the relationship between humans and the climate has entered a different age or time. How does that make me feel? My feelings have become a part of a civic feeling. I feel that I might have underestimated the urgency, so I’m constantly facing

the following question: Am I responsible enough? Probably it’s no longer a question of how I feel. The time has come to turn the question, ‘how do I feel’ into ‘how do I act?’ As we all know, acting makes a difference but feeling doesn’t. Feeling or thinking isn’t enough anymore. That leads us to the question: What type of activity is enough? Doing a little is incredibly important and maybe a foot in the door for doing more. In my work, I consider the distance between thinking and doing and all the small steps in between. We live in a time when we have to organise present activities from the perspective of the future. That is contrary to my generation’s thinking – we have organised all of our activities based on the past. I mean, we stand on the shoulders of people who paved the way to where we are now. Everything we know, every notion of education, is based on what somebody did in the past. In a way this is conservative, a safe low-risk way of evolving. But it now turns out that the past was actually wrong; people made mistakes. A lot of them, actually. Let’s take fossil fuels for instance, which are about 175 years old. Imagine that we had hundreds of million years of biomaterial on the planet and then in a tiny split second of geological time we have messed up the whole thing.“

Ólafur is curious about using the future to guide the present and also to be able to dream and imagine. “A lot of this has to do with re-engineering, not using the principles, the languages and the political systems we know. We probably need a new legislative system as well for living things and a different application of the rule of law. After World War II, the United Nations made a new human rights guideline and as it turns out, we were probably wrong on one massive thing; I realise that animals and the



skepurnar og plánetan voru ekki efst á baugi í orðræðu eftirstriðsáranna en við hefðum eigi að síður átt að tryggja skepnum og jörðinni sjálfri grundvallarréttindi.“

Umdeild réttindi

Listamaðurinn gerir sér fulla grein fyrir því að þessi pæling er ekki óumdeild. „Tökum hvali sem dæmi. Mér er ljóst að umdeilt er að úthluta þeim réttindum vegna þess að þeirri hugmynd hefur lengi verið haldið á lofti af jaðarhópum róttækra græningja. En þeir reyndust á hinn bóginn hafa á réttu að standa. Við mennirnir eigum ekki lengur að ganga út frá því sem vísu að við séum á einhvern hátt útvalin, mikilvægasta tegundin á þessari jörð. Fjölmargir hafa haldið þessu fram að undanförmu, fólk sem var áður á jaðri fræða-samfélagsins – svo sem James Lovelock, Lynn Margulis og Bruno Latour – en er nú farið að vekja meiri athygli. Allt í einu hefur vísindamönnum tekist að leggja fram gögn sem reynst hafa mikilvæg. Þegar upp er staðið voru þau framsýn og vernduðu skepnur með virðingarverðum hætti.“

Hann brosir til Ragnars, RAX, sem er viðstaddur viðtalið. „Þegar RAX kveðst aldrei hafa skotið ísbjörn á Grænlandi vegna þess að hann vill gæta hlutleysis gerir það hann að hugsjónamanni um leið. Ég viðurkenni að ég áttaði mig ekki á þessu áður. Þegar ég var yngri leit ég svo á að ekki yrði hróflað við náttúrunni; mér væri fyrirmunað að skaða hana. Núna þarf ég að endurskoða þá afstöðu. Ég er ekki á neinn hátt aftengdur náttúrunni og allt sem ég geri hangir saman og er ekki fyrir utan mig heldur inni í mér. Ég er líka náttúran. Eða náttúran er líka menningin. Í þeim skilningi þurfum við að tileinka okkur nýjan grundvallarskilning á kerfinu sem við búum við.“

Hann bendir á kraftmiklar hreyfingar í félagsvísindum, náttúruvísindum og heimspeki, fólk á borð við Donnu Haraway, Timothy Morton og fleiri. „Þau hafa verið að endurgreina hvaða umboð við höfum til að spyrja vistfræðilegra spurninga.“

Hið ósýnilega verður sýnilegt

– *Hvert er þitt hlutverk sem listamaður í öllu þessu?*
„Í anda þess hvernig RAX blæs mér í brjóst er mitt hlutverk fyrst og fremst að taka þátt í umræðunni. Ég lít ekki svo á að ég sem listamaður hafi einhverju sérstöku hlutverki að gegna á einhvern „avant garde“ eða ótengdan hátt. Eins og hver annar ber mér að vera meðt. Ef við tökum öll þátt á borgaralegum grunni getum við haft áhrif á heildarstefnuna, stjórnmálamennina, einkageirann, stóru ákvarðanirnar. Sem listamaður get ég auðvitað gert ósýnilega hluti sýnilega og ósnertanlega hluti snertanlega. Ég get sýnt hluti í öðru samhengi, þar sem þeir virðast hafa fengið meiri vigt og þýðingu. Listamenn tala tungumál þar sem hægt er að segja hluti sem annars er ekki hægt að segja. Það þýðir ekki að tungu-málið sé betra eða mikilvægara en önnur tungumál. Bara öðruvísi. Listamenn eru í eðli sínu hluti af krítískri rannsókn á því hvaða grundvallarþýðingu tilvist okkar hefur.“

Hann gerir stutt hlé á máli sínu en heldur svo áfram. „Ég held að við séum að vanmeta áhrif menningargeirans. Þrátt fyrir annmarka sína nýtur hann merkilega mikils trausts í samfélaginu, meðan stjórnmálin eru á kafi í popúlisma, þjóðernisstefnu og almennri mis-beitingu ábyrgðar og valds og einkageirinn sveiflast frá einni fjármálakreppunni til annarrar gegnum sjálfhverft og hrokafullt ábyrgðarleysi sinnar kapítalísku hugsunar. Að því sögðu eru margir innan einkageirans að sýna meira frumkvæði og leggja meira af mörkum til framþróunar en opinberi geirinn. En þegar öllu er á botninn hvolft tel ég að menningargeirinn hafi margt fram að færa í hinu stóra samfélagslega samhengi. Hann er vettvangur þar sem maður getur átt erfið samtöl um hluti sem maður getur annars ekki talað um. Má ég segja þetta?“

Hann brosir.

Erfiðar samræður

„Hringborð norðurslóða er af sama meiði. Við verðum að tryggja að það geri ráð fyrir ágreiningi. Menn hafa enga ástæðu til að koma saman ef þeir eru þegar sammála. Undir eðlilegum kringumstæðum ætti þingið líka að vera slíkur vettvangur. Íslendingar mega vera stoltir af stjórnmálakerfi sínu, jafnvel þótt maður tali helst ekki um það á Íslandi. Í

hruninu mótmælti almenningur fyrir framan alþingishúsið. Flestum landsmönnum þykir það sjálsagt mál, sem það sannarlega er ekki. Þetta var magnað. Ótrúlegt. Sú hugsun var í senn framsækin og virk.“

– *Þessi blaðauki er helgaður norðurslóðum í heild. Hvaða merkingu hefur það orð í þín-um huga, norðurslóðir?*

„Vegna stjórnmálaáhuga míns hefur áhugi minn á norðurslóðum farið vaxandi á undanförmum árum. Sem dæmi má nefna að ég hef árum saman safnað rekavið, sem hefur ferðalag sitt að jafnaði í hafinu norður af Rússlandi. Mér er sagt að eftir tíu til tuttugu ár endi viðurinn á norðanverðu Íslandi eða í Grænlandi eða Kanada. Þetta vakti forvitni mína á hafstraumum, ís, sjávarföllum og gæðum rekaviðarins, auk þess sem áhugi minn á Grænlandi verður stöðugt meiri. Góðvinur minn Minik Rosing, sem skapaði Ice Watch með mér, er jarðfræðingur og hefur kennt mér sitthvað um bráðnun norðurslóða. Norðvesturleiðin er til dæmis orðin íslaus í seinni tíð, þannig að skip komast þar í gegn. Sjálfur gerði ég verk fyrir MIT í Cambridge, Massachusetts, um norðvesturleiðina og komst í leiðinni að því að þessi risavöxnu gámaskip eru knúin hákolefnaeldsneyti, versta eldsneyti sem hægt er að hugsa sér. Þetta snýst líka um hávaða enda valda skipin líka hljóðmengun í undirdjúpunum. Ég hef verið að hlusta á mjög áhugaverð hlaðvörp um þetta, sérstaklega eitt frá breska ríkisútvarpinu, BBC.“

Talandi um norðurslóðir þá kveðst Ólafur hafa farið til Svalbarða að vetrarlagi og áttað sig á því að þar verður aldrei fullkomið myrkur. „Ég er ekki að segja að það sé auðvelt að gera sér grein fyrir þessu en ef maður leggur sig virkilega fram þá er maður aldrei algjörlega blindur. Ef við leggjum okkur öll fram sjáum við alltaf stíginn.“

Eins konar dystópía

– *Aftur að jöklunum. Vísindamenn spá því að allir jöklarnir á Íslandi verði horfnir innan 150 til 200 ára. Hvernig slær það þig?*

„Því er vitaskuld erfitt að trúa. Það er eitthvað innilega dapurlegt við þann spádóm þegar ég nálgast þetta í verkum mínum. En við verðum eigi að síður að finna leið til að tala um framtíðina á þeim nótum að morgundagurinn verði betri en gærdagurinn. Til að geta gripið til aðgerða verðum við að sjá fyrir okkur bjarta framtíð og rífa okkur upp úr hræðsluorðræðunni sem hefur þveröfug áhrif þegar við þurfum að treysta hvert öðru. Ég skil vel að hræðsluorðræðan er vel fallin til miðlunar, eins og til dæmis í gagnadrifnum fyrirlesturum Als Gores, fyrrverandi varaforseta Bandaríkjanna. Því miður fara fjölmiðlar einnig oft illa með grundvallarábyrgð sína. Mögulega vegna þess að erfitt er að koma auga á hið jákvæða innan um alla eymdina. Ég skil það svo sem; þetta krefst skuldbindingar fyrir lífstíð.“

Ólafur segir að framhald þessarar hræðsluorðræðu um endalok heimsins geti verið skaðlegt. „Sögulega hefur ótti stuðlað að meiri ihaldssemi og skorti á breytingum en framsýnum, jákvæðum og hugmyndum sem eru trausts verðar. Sjálfur er ég á því að enda þótt heimildasöfnun mín um jöklana á Íslandi sé til marks um það sem heimurinn hefur glatað, þá geti hún um leið verið falleg. Í mínum huga er mikilvægt að verk séu ekki bara falleg heldur undraverð um leið. Ég hugsa það sama þegar ég skoða verkin hans RAX; það býr fegurð í þeim. Það stafar birtu og yl frá þeim og í þeim skilningi eru þau mikilvæg vegna þess að þau styrkja okkur og gefa okkur von um framtíðina. Við megum ekki gleyma að treysta hvert öðru.“

Yngri kynslóðirnar munu ekki bíða eftir okkur

– *Heldurðu að auðveldara sé að koma þessum skilaboðum á framfæri við yngri kynslóðirnar?*

„Áður en við náum að móta eitthvað í sameiningu og búa til skilaboð handa yngri kynslóðunum munu þær þegar hafa náð því. Meðan við sitjum hér hafa þær staðið upp og yfirgefið svæðið. Það er svo dásamlegt við ungu kynslóðina að hún er ekkert að bíða eftir okkur. Þau eru fullfær um að vega málið og meta og vinna það áfram upp á eigin spýtur vegna þess að það er ótrúleg værð yfir okkur sem eldri erum. Það sem við getum hjálpað unga fólkinu með er að snúa öllum þeirra draumum með hraði yfir í kerfi, pólitískt, lagalegt



planet were not playing a big role in that post-war narrative but still we should have given fundamental rights to animal life and the planet in general.“

Controversial rights

The artist is aware of the controversy of this notion. “Let’s take whales for example. I know that giving them rights is controversial because the idea has long been promoted by a marginal group of green activists. But it turns out that they are right. We humans should no longer assume that we are somehow chosen, the most important species on this planet. There are a lot of people who have been saying this recently, who were previously at the periphery of the academic world – people like James Lovelock and Lynn Margulis and Bruno Latour – and today they are beginning to get more attention. Suddenly the research scientists have provided data for turns out to be very valuable. It turns out that they were progressive and were doing honourable things by protecting animals.“

He then grins at Ragnar, better known as RAX, who is present during the interview. “When RAX says he has never shot a polar bear in Greenland because he was being passive, it turns out that he was actually being visionary as well. I admit myself that I didn’t realize this before. When I was young, I thought nature was untouchable and out of my reach; I couldn’t harm it in any possible way. Now I need to reconsider that also. Nature is not disconnected from me at all and everything I do is interconnected and not outside but inside me. I am nature too. Or if you like, nature is culture too. In that sense we need a whole new fundamental understanding of the systems in which we live.“

He points out massive movements in social theory, natural sciences and philosophy, with people like Donna Haraway, Timothy Morton and others. “They have been re-examining the authority with which ecological questions are asked.“

Making invisible things visible

– How do you see your role as an artist in all of this?
“Much in the spirit in which RAX inspires me, I first of all see my role as being part of the dialogue. I don’t think that as an artist I have a solitary role in a sort of avant-garde or disconnected way. Like every person, I have a responsibility to participate. If we can all participate on a civic level, we can influence the macro stuff, the politicians, the private sector, the big decisions. As an artist I can of course make invisible things visible, untouchable things touchable. I can show things in a different context, where they appear to have gained more urgency and relevance. Artists speak a language in which things can be said that otherwise cannot be said. That doesn’t mean it’s a better or more important language. Just a different language. Artists are by nature part of a critical enquiry into what existence means on a fundamental and deeper level.“

He pauses briefly and then continues: “I think we underestimate the importance of the culture sector. Despite its shortcomings, it enjoys an interesting degree of trust from society, whereas politics seem mired in populism, nationalism and general mismanagement of responsibility or authority, and the private sector is going from one financial crisis to another through egotistical, arrogant capitalist lack of responsibility. Having said that, I can see many people within the private sector taking more action and initiative and pushing for more progressive things than in the public sector. But all in all I do think that the culture sector has a lot to offer to greater society. It provides spaces in which one can have difficult conversations about things you cannot talk about otherwise. Am I allowed to say that?“

He smiles.

Difficult conversations

“ The Arctic Circle Assembly is similar. We need to make sure that it actually allows disagreement. There is no need for everybody to meet if they already all agree. Normally the parliament would also provide such a space. Iceland can be proud of its political system, although you usually don’t say this in Iceland. During the recession, civic

society demonstrated and stood in front of the Parliament building. Most Icelanders think this is ordinary, but it certainly is not. It was amazing. Unbelievable. It was progressive, active, forward thinking.“

– This supplement is dedicated to the Arctic in general. What does that word mean to you, the Arctic?

“Because of my interest in politics, I have become more interested in the Arctic in recent years. For many years, for instance, I have collected driftwood, which typically begins its journey in the ocean north of Russia. After ten or twenty years, I have been told, the wood eventually ends up in the north of Iceland or in Greenland or Canada. Because of this I became curious about the ocean currents, the ice, the tides and the quality of the wood. And I have become more and more interested in Greenland. My good friend Minik Rosing, with whom I created Ice Watch, is a geologist and he has taught me a lot about the melting of the Arctic. The Northwest Passage, for example, has become free of ice in recent years, enough so that it is navigable by ship. I did a work of art for MIT in Cambridge, Massachusetts, about the Northwest Passage and gradually came to understand that these massive container ships are fueled by high-carbon fuels, really the worst fuel possible. There is also a noise issue, creating noise pollution underneath the ocean. I have been listening to some very interesting podcasts about oceanic life, particularly one from the BBC.“

Speaking about the Arctic, Ólafur tells me that he also went to Svalbard during the winter and realised that it is never really actually completely dark there. “I’m not saying that it was easy to see, but it turns out that if you make an effort, we are never actually completely blind. If we make an effort, we can always see the path.“

A kind of dystopia

– Back to the glaciers. Scientists have predicted that all glaciers in Iceland will have melted within 150 or 200 years. How does that strike you?

“Of course it is hard to believe. Addressing that in my artwork, there is something fundamentally sad about it. But we need to find ways to talk about the future in which we can imagine that tomorrow is better than yesterday. In order to act, we need to envision a positive future and move away from the fear-based narrative, which is counterproductive to building a sense of trust in each other. I understand that fear-based narratives can be communicated very easily, as in a data-driven lecture by former US Vice President Al Gore, for an example. Sadly the press also often mismanages its fundamental and deeper responsibility. Maybe because it is very difficult to find something positive among all the sadness. I can understand that; it takes a lifelong commitment.“

Ólafur argues that the continuation of this fear-based narrative about the end of the world can be harmful. “In history, fear has created more conservatism and lack of change than it has progressive, optimistic, confident and trust-driven ideas. I like to think that even though my documentation of the glaciers in Iceland represents a loss to our world, it is also very beautiful. For me it is important that the work isn’t just beautiful but amazing as well. I think the same when I look at RAX’s work; it has this inhabited beauty. Glow or warmth comes from it and in that sense it is so important because it gives us confidence and hope for the future. We must not exclude the trust-generating positive way of addressing each other.“

The younger generations will not wait for us

– Do you feel it is easier to reach younger generations with this message?
“Before we get to articulating something together and creating a message to reach out to the younger generations they have already got it. While we are sitting here, they have stood up and left. The beautiful thing about the younger generation is that they are not going to wait for us. They are able to address this issue and process it ahead all by themselves because we are being unbelievably slow about it. What we can help the young people to do is to quickly turn all their dreams into systems, political, legislative



Tungnakvislarjökull, 1999.
Tungnakvislarjökull Glacier, 1999.

Olafur Eliasson
Detail of The glacier series, 1999/2019
Courtesy of the artist; neugerriemschneider, Berlin;
Tanya Bonakdar Gallery, New York / Los Angeles
© 2019 Olafur Eliasson

og svo framvegis. Ekki er nóg að hafa skýra sýn, hugsu og dreyma; breyta þarf henni í áhrifamiklar ákvarðanir sem hafa áhrif á þá sem sýsla með hagsmuni heildarinnar.“
Í því samhengi er Ólafur þeirrar skoðunar að listir séu að jafnaði tíu árum á undan stjórnmálunum. „Stjórnmál eru knúin áfram af kjósendum og athyglisgáfa þeirra spannar að jafnaði þrjá til sex mánuði, í mesta lagi eitt ár. Það þýðir að stjórnmálamenn munu aldrei ræða neitt í kosningabaráttunni sem er í tíu ára fjarlægð. Fyrir vikið er ekki mikið svigrúm fyrir drauma í stjórnmálum.“
Að því sögðu er Ólafur á þeirri skoðun að Ísland sé betur sett en mörg önnur ríki. „Það segi ég vegna þess að mér geðjast svo vel að Katrínu Jakobsdóttur forsætisráðherra. Ég þekki hana frá því að hún var menntamálaráðherra, þar sem skýr sýn hennar og raunsæi vógu hvort annað vel upp. Hún birtist mér sem mjög traustvekjandi manneskja. Á móti kemur að hún á eflaust eftir að átta sig á því að hefði hún verið aðeins framsæknari á sviði loftslagsmála hefði hún getað tryggt pólitíska framtíð sína betur. Um þetta er ég ekki í nokkrum vafa en kjósendur eru mér ósammála – enn sem komið er.“

etc. It is not enough to be articulate, to think and to dream; it needs to be turned into impactful decisions that can change the macro deciders.
In that respect Ólafur believes that typically art is ten years ahead of politics. “Politics is driven by voters and the attention span of the voters is about three to six months, maybe one year. This means that in an election campaign, politicians will never talk about something which is ten years away. Hence, there is not a lot of dreaming in politics.”
Having said that, Ólafur believes Iceland is in a better place than many other countries. „I say that because I like Prime Minister Katrín Jakobsdóttir so much. I know her from her time as Culture Minister, where I think she had a great sense of vision balanced by pragmatism. She appears to me as someone very trustworthy. But then again she probably will realise that had she been a little more progressive on climate issues in the past, she would have made a better investment in her long-term career. This is something I can say for sure, but the voters do not seem to agree with me – yet.“



Tungnakvislarjökull, 2019.
Tungnakvislarjökull Glacier, 2019.

Olafur Eliasson
Detail of The glacier series, 1999/2019
Courtesy of the artist; neugerriemschneider, Berlin;
Tanya Bonakdar Gallery, New York / Los Angeles
© 2019 Olafur Eliasson